



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

TEIK1TE05

Kennari	Gunnhildur Þórðardóttir, gunnhildur.thordardottir@fss.is	
Viðtalstími	Viðtalstími er mánudagar kl.11.25-12.05 í stofu 301	
Námsefni	Ljósrit frá kennara, efni frá veraldarvefnum, listaverkabækur og annað efni auk þess sem farið verður í safnfræðslu og sýningar á Listasafni Reykjanesbæjar og vinnustofa listamanns heimsótt..	
Áfangalýsing	Í áfanganum læra nemendur nokkur grunnatriði myndlistar. Námið er í fimm hlutum. Í fyrsta hlutanum er lögð áhersla á formfræði, því næst uppstilling svo fjarvidd, í fjórða hlutanum er kennd litafræði og í lokin málun. Nemendur skila skissubók í lok hvernar kennsluviku á önninni, lágmark tvær skissur á viku..	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi. Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að klára öll verkefni sem lögð eru fyrir og skila á réttum tíma	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	50%
	Skissubók	25%
	Virkni og raunmæting í kennslustundum	25%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Teikniblýantar: HB, 2B, 4B og 6B Strokleður og yddari Skissubók Akrýlmálningu gulan, rauðan, bláan svartan og hvítan	

Grunnpættir menntunar	Læsi: Listgreinalæsi er hæfni til að skilja, skapa, meta og tjá sig í gengum listir eins og tónlist, myndlist, leiklist og dans. Það felur í sér að túlka listir og nota skapandi tjáningu. Sjálfbærni: Sjálfbærni í listgreinum felst í að skapa og vinna með efni og hugmyndir á ábyrgan hátt með tilliti til umhverfis, samfélags og menningar. Heilbrigði og velferð: Heilbrigði og velferð í listgreinum felst í að efla líðan, sjálfstraust og tjáningu með skapandi vinnu og þátttöku í listum. Lýðræði og mannréttindi: Lýðræði og mannréttindi í listgreinum felast í að allir fái að tjá skoðanir sínar, virða aðrar og taka þátt í skapandi starfi á jafnréttisgrundvelli. Jafnrétti: Jafnrétti í listgreinum felst í að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku, tjáningar og sköpunar óháð kyni, uppruna eða getu. Sköpun: Sköpun í listgreinum felst í að sýna frumkvæði, nota hugmyndaflug, skapa nýjar hugmyndir og tjá sig á persónulegan og skapandi hátt.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • grunnpáttum í myndlist • notkun teikniáhalda og virkni þeirra • litasvið blýantsins og aðferðum til skygginga • framköllun þrívíddar með skyggingu • grunnpáttum formfræði og teikningar • blöndun grunnlita í litatóna og hugtökum þar að lútandi • myndbyggingu	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • gera skissur og teikningar • framkalla þrívídd með skyggingu • blanda liti í mismunandi tónum • vinna að uppbyggingu myndflatar og nýta sér markvisst hugtök á borð við: jafnvægi, spennu, þunga, hrynjandi, samhverfu, mynstur og andstæður • vinna myndverk í þrívídd og fjarvídd
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta reglur og form í eigin listsköpun • vinna á persónulegan hátt með eigin hugmyndir og útfært í myndverk með tilliti til lita-, formfræði og myndbyggingar • byggja upp myndverk	

Vinnuáætlun - Dæmi með símati		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. skil	12 klst.	12 klst.
Alls		114 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning – kennsluáætlun – formfræði – myndband, teikning –, grunnformin	Heimaverkefni: ýmis rannsóknarvinna og skissubók. 2 skissur á viku.
2. vika 24.-28. ágúst	Formfræði – skygging og hluti af mannlíkamanum	Skil á skissubók, 4 skissur
3. vika 31. ágúst-4. september	Formfræði – myndbygging	Skil á skissubók, 6 skissur
4. vika 7.-11. september	Uppstilling – teikning – fjarvídd – myndband	Skil á skissubók, 8 skissur
5. vika 14.-18. september	Fjarvídd – teikning, arkitektúr	Skil á skissubók, 10 skissur
6. vika 21.-25. september	Fjarvídd – teikning – litafræði – málun – myndband	Skil á skissubók, 12 skissur
7. vika 28. september-2. október	Litafræði – málun	Skil á skissubók, 14 skissur
8. vika 5.-9. október	Uppstilling – málun	Skil á skissubók, 16 skissur
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Uppstilling – málun – val á listamanni, verkefni - miðannarmat	Skil á skissubók, 18 skissur
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Málun - vetrarleyfi	Skil á skissubók, 20 skissur
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Málun	Skil á skissubók, 22 skissur
12. vika 2.-6. nóvember	Teikning sjálfsmynd	Skil á skissubók, 24 skissur
13. vika 9.-13. nóvember	Málun sjálfsmynd og fyrirlestur	Skil á skissubók, 26 skissur
14. vika 16.-20. nóvember	Teikning andlitsmyndir og fyrirlestur	Skil á skissubók, 28 skissur
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Frjáls málun	Skil á skissubók, 30 skissur
16. vika 30. nóvember-4. desember	Nemendur skila verkefnaöppu og skissubók	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnhildur Þórðardóttir